

**3363. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
13. desember 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varamaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1801190 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018**

409. mál til umsagnar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

*Lagt fram.*

**2. 1612106 - Guðlaug, heit laug - starfsleyfi o.fl.**

Starfsmannaaðstaða og salerni við Guðlaugu.

*Bæjarráð samþykkir kaup á færarlegu mannvirki vegna starfsmannaaðstöðu og salerna við Guðlaugu og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Gert er ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun 2019 vegna útgjaldanna en áætlaður kostnaður vegna kaupanna og framkvæmdanna er að hámarki um 12 mkr.*

**3. 1812065 - Veðurstöð á Akranesi**

Veðurstofan kynnir helstu atriði er snerta Veðurstöð á Akranesi og möguleika því tengda.

Theódór Freyr Hervarsson viðskiptaþróunarstjóri og Óðinn Þórarinsson framkvæmdastjóri athugunar- og tæknisviðs hjá Veðurstofu Íslands og fulltrúar skipulags- og umhverfisráðs, bæjarfulltrúarnir Ragnar B. Sæmundsson formaður og Ólafur Adolfsson ráðsmaður taka sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar Theódóri Frey og Óðni fyrir komuna og kynninguna. Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**4. 1812064 - Orkuveita Reykjavíkur - arðgreiðslumál**

Arðgreiðslumál Orkuveitu Reykjavíkur (OR).

Bjarni Bjarnason forstjóri OR og Ingvar Stefánsson fjármálastjóri OR taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Erling Freyr Guðmundsson framkvæmdastjóri Gagnaveitunnar kom einnig inn á fundinn og fjallaði um málefni Gagnaveitunnar.

Ólafur Adolfsson vék af fundi kl. 10:00.

*Bæjarráð þakkar forstjóra og fjármálastjóra Orkuveitunnar og framkvæmdastjóra Gagnaveitunnar fyrir komuna á fundinn og fulltrúum skipulags- og umhverfisráðs fyrir fundarsetuna.*

*Ragnar B. Sæmundsson bæjarfulltrúi vókur af fundi.*

**5. 1806108 - Langtímaveikindi starfsmanna 2018 - ráðstöfun fjármuna (veikindapottur)**

Umsóknir stofnana Akraneskaupstaðar í veikindapott vegna tímabilsins júlí til og með desember ásamt eftirstöðvum óúthlutaðra umsókna vegna tímabilsins janúar til og með júní.

*Bæjarráð samþykkir úthlutun úr veikindapotti vegna kostnaðar stofnana við afleysingar sem er tilkominn vegna veikindaforfalla starfsmanna. Ráðstöfun fjármuna vegna þessa verður afgreitt með gerð viðauka en umsóknir eru um 32,8 mkr. umfram áætlaða fjárhæð í fjárhagsáætlun 2018. Heildarúthlutun til stofnana Akraneskaupstaðar vegna veikindaforfalla starfsmanna á árinu er samtals um 66,8 mkr.*

*Kostnaðaraukanum er mætt með hærri skattgreiðslutekjum en áætlun gerði ráð fyrir.*

**6. 1711014 - Sementsverksmiðja - samningur um niðurrif**

Á fundi skipulags- og umhverfiráðs sem haldinn var þann 10. desember sl., var fjallað um samkomulag um niðurfellingu á sementsstrompinum.

Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarráð, að samþykkja fyrirbyggjandi samkomulag við Work North ehf. um niðurrif sementsstromps að fjárhæð um kr. 30 mkr.

*Bæjarráð samþykkir fjárveitingu til verkefnisins að fjárhæð um 30 mkr. sem verður mætt með tilfærslu á milli fjárfestingarliða annars vegar og með auknum skatttekjum hins vegar.*

**7. 1801200 - Fjárhagsáætlun 2018 - viðauki**

Viðauki nr. 5 við fjárhagsáætlun ársins 2018 lagður fram til samþykktar í bæjarráði. Viðaukinn tekur til tímabilsins 1. september til og með 31. desember 2018.

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 5 við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2018 og vísar viðaukanum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.*

**8. 1811222 - Samstarf við FVA- húsnæðismál**

Á fundi skóla- og frístundaráðs 4. desember 2018 var samþykkt að vísa tillögu til bæjarráðs um að fela bæjarstjóra í samstarfi við skólastjórnendur að vinna að frekari útfærslu á hugmyndinni. Einnig var lagt til að leitað verði eftir því við Menntamálaráðuneytið að FVA og grunnskólarnir á Akranesi vinni að tilraunaverkefni sem miði að samstarfi milli skólastiga.

*Bæjarráð þakkar öllum hlutaðeigandi fyrir greinargóða samantekt og þá vinnu sem fram hefur farið fram til þessa í málinu.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna áfram með málið í samráði við sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og stjórnendur grunnskólanna.*

**9. 1811207 - SSV - Árgjald sveitarfélaga 2019**

Yfirlit yfir árgjöld sveitarfélaga til Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) árið 2019.

*Lagt fram.*

*Handwritten signature and initials in blue ink.*

**10. 1812006 - Neytendasamtökin - styrkbeiðni**

Beiðni um styrkveitingu vegna ársins 2019 frá Neytendasamtökunum.

*Fjárhagsáætlun vegna ársins 2019 hefur verið samþykkt og bæjarráð getur ekki orðið við erindinu að þessu sinni.*

**11. 1812010 - Kjarasamningar - umboð til kjarasamningsgerðar**

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga um umboð Akraneskaupstaðar til kjarasamningsgerðar.

*Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi umboð og vísar málinu til bæjarstjórnar til samþykktar.*

Bæjarráð samþykkir að fella niður reglulegan fund ráðsins sem fyrirhugaður er 27. desember næstkomandi og að halda aukafund 20. desember næstkomandi.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:20.**

*Elsa Lára Amadóttir*

*Geirur Jón. Jóhannsdóttir*

*Rann Þorláksson*

*Ólafur Freyr Þorláksson*

*Ólafur Þorláksson*